

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. desember 2022

Mál nr. S-3565/2022:

Héraðssaksóknari

(Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Aras Nasraldeen Kakabdalla

(Snorri Sturluson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 25. ágúst 2022, á hendur: „Aras Nasraldeen Kakabdalla, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa að kvöldi mánudagsins 7. desember 2020 í íbúð að [...], Reykjavík, slegið A, kennitala [...], endurtekið með glerglasi eða glerflösku í andlitið, með þeim afleiðingum að glerið brotnaði og A hlaut sex skurði í andliti sem sauma þurfti saman.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 1.500.000 kr., auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 8. desember 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.“

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Hann krefst

Þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara að bætur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu var hún kölluð að fjölbýlishúsi við [...] vegna háreysti og var henni þegar þangað var komið vísað í íbúð á efri hæð. Þar reyndist vitnið B vera, blóðugur á höndum og í blóðugum fatnaði, og sagði hann að til átaka hefði komið í íbúðinni. Reyndist blóð vera í dyragætt og víða á gólfum og veggjum íbúðarinnar, ummerki um áfengisneyslu og brotin glös í vaski og á gólfi og brotið leirtau í ruslafötu. Innandyra var einnig brotaþoli, A. Var hann blóðugur í andliti og á höndum, auk þess sem fatnaður hans var blóðugur. Sjá mátti nokkra skurði á andliti hans. Þá reyndust tveir aðrir menn vera í íbúðinni. Í svefnherbergi var vitnið C, fáklæddur og blóðugur, og sjá mátti roða á bringu hans og minniháttar rispur á baki og maga og dökkleita rispu eða blóðkám á hálsi. Reyndist ákærði vera inni í öðru herbergi og var hann bólginn á vinstri vanga, með lítinn skurð á fingri og fatnaður hans var blóðugur. Mennirnir fjórir voru allir handteknir og brotaþoli fluttur á slysadeild til aðhlynningar og rannsakari fenginn á vettvang.

Þá kemur fram í skýrslu lögreglu að tveir menn sem staddir hefðu verið annars staðar í húsinu þegar atvik gerðust hefðu lýst því fyrir lögreglu að þeir hefðu heyrt læti og skelli líkt og einhverjum væri kastað til. Einnig er þar bókað að B hefði lýst atvikum fyrir lögreglumönnum á leið á lögreglustöð. Sagði hann þá hafa setið við drykkju frá því kl. 18:00 og hefðu tveir þeirra farið að rífast og það endað með slagsmálum. Hefði ákærði slegið brotaþola með flösku í andlitið en sjálfur hefði hann reynt að stöðva slagsmálin. Einnig er þar bókaður framburður brotaþola sem kvaðst hafa verið að drekka með félögum sínum og hefði hann verið að ræða einhver vandamál, sennilega við ákærða. Hann hefði síðan talað við B en þá hefði ákærði ráðist á hann með glasi sem fór í andlit hans. Segir í skýrslunni að brotaþoli hafi verið nokkuð illa áttaður og kvaðst hann vera þreyttur og búinn að drekka áfengi. Í skýrslunni eru myndir af áverkum brotaþola. Myndir sem samkvæmt skýrslunni teknar voru af vettvangi liggja ekki fyrir í málinu.

Fyrir liggur vottorð læknis sem sinnti brotaþola í kjölfar atvikanna, dags. 11. desember 2022, og bráðamóttökuskrá Landspítala vegna komu hans. Í vottorðinu kemur

fram að atvik hefðu átt sér stað í heimahúsi og að einhver hefði fleygt glerfláti, glasi eða flösku, í andlit hans. Miðað við útlitið á áverkanum væri líklegt að um glas hefði verið að ræða því brotþoli var með nokkra litla skurði eins og sjáist eftir glerbrot. Ef um flösku hefði verið að ræða væri líklegt að mar sæist í kring vegna þess að hún væri þyngri en svo var ekki. Brotþoli hefði hlotið sex skurði. Einn skurðurinn er lóðrétt frá miðju enni og er hann um 6–7 cm á lengd, að hluta rispa en að hluta skurður sem þurfti að sauma. Vinstra megin á enninu voru fjórir skurðir og er stærðin á þeim 1,5–3,5 cm. Var sá efsti upp undir hárrót, einn fyrir neðan, örlítið nær miðju, tveir rétt ofan við augabrún vinstra megin og einn ofarlega þvert yfir nefrót. Fékk brotþoli þá greiningu að hann væri með mörg opin sár á höfði og voru þau saumuð með samtals 28 sporum.

Brotþoli gaf skýrslu vegna málsins daginn eftir og var hann þá með réttarstöðu sakbornings. Kvaðst hann hafa verið í heimsókn hjá vitninu B og þeir borðað saman og drukkið áfengi. Ákærði hefði verið orðljótur við hann og strítt honum og hefði hann spurt ákærða af hverju hann væri að segja þetta við hann og hefðu B og C síðan aðskilið þá. Ákærði hefði síðan komið með glas og slegið hann í andlitið þrisvar sinnum en glasið hefði ekki brotnað strax heldur við annað eða þriðja högg og hann hlotið sár á andlitinu en ákærði sár á hendi.

Ákærði gaf einnig skýrslu vegna málsins daginn eftir. Sagði hann þá hafa verið fjóra heima hjá B að borða og drekka saman. Brotþoli hefði síðan ætlað að fara og hefði hann þá verið orðinn fullur og orðljótur gagnvart ákærða. Kvaðst ákærði hafa sagt honum að fara ekki og hefðu C og B talað við hann. Brotþoli hefði síðan reynt að slá hann og slíta af honum hálsmen og var brotþoli þá með brotið glas í höndunum. Kvaðst hann hafa verið drukkin og ekki muna þetta alveg en talið að hann hafi einnig haldið á glasi á meðan þeir voru að rífast og hefði hann slegið hann með glasinu. B hefði síðan sagt honum að fara inn í herbergi og bíða þar. Kvaðst hann hafa verið með áverka á hægri hendinni eftir þetta og telja að hann hefði skorist á hendinni þegar hann sló brotþola. Sagði ákærði að brotþoli hefði verið mjög drukkin og ítrekað sagst ætla að drepa ákærða. Kvaðst hann hafa slegið brotþola með glasinu einu sinni eða tvisvar sinnum. Hefði verið um að ræða venjulegt glas.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði neitaði sök og kvaðst ekki hafa ráðist á brotþola eins og lýst er í ákæru. Þeir hefðu verið heima hjá B að borða saman og drekka og hefði vitnið C einnig verið þar. Brotþoli hefði viljað fara heim á bifreið sinni en hann bannað honum það og hefði hann sagt honum tvisvar eða þrisvar sinnum að fara ekki, konan hans kæmi að sækja hann og þeir skyldu fara saman. Brotþoli hefði síðan snúið sér við, hóttað því að drepa ákærða og þá hefðu slagsmálin byrjað og hefði brotþoli þá verið með brotið glas í höndunum. B og C hefðu reynt að stoppa brotþola af en hann hefði einnig verið að bera sig að ofan og sýna þeim ör eftir hnífstungur á líkamanum til að sýna hversu vanur hann væri slagsmálum, öskra og berja glasi í borðið. Hefði hann sérstaklega beint þessu að ákærða. Ákærði kvaðst hafa verið lokaður inni í herbergi og þegar hann kom þaðan út hefði hann tekið glasið af brotþola og hefðu þeir þá báðir fengið sár á hendurnar. Sagði ákærði að það gerist oft þegar brotþoli verði fullur að hann vilji fara heim og það þurfi að stoppa hann af, hringja á leigubifreið eða láta hann fara að sofa. Ákærði sagði að brotþoli hefði hringt í hann daginn eftir og beðið hann fyrirgefningar og sagt að hann hefði verið fullur og spurt af hverju þeir hefðu ekki stoppað hann af. Mánuði seinna hefði ákærði svo hitt brotþola sem hefði þá ráðist á hann. Hann hefði síðan hringt í brotþola og spurt hann af hverju hann hefði verið að gera þetta og brotþoli þá sagt að þeir myndu ekki tala aftur saman.

Spurður hvort brotþoli hefði fengið áverkana á andlitið af hans völdum sagði ákærði að brotþoli hefði verið ölvaður og alltaf að detta, standa upp og detta aftur. Kvaðst hann ekki vita hvernig brotþoli hefði fengið skurðina á andlitið. Hann hefði ekki séð þegar það gerðist og ekki séð einhvern annan veitast að honum. Var ákærða kynntur framburður hans hjá lögreglu og kvaðst hann ekki hafa slegið brotþola með glasinu eins og þar er haft eftir honum. Brotþoli hefði hóttað því að drepa hann og hefði hann þá tekið af honum glasið og við það fengið áverka á höndina. Þá var ákærða kynnt að fram hefði komið í framburði hans hjá lögreglu að brotþoli hefði fengið áverkana þegar ákærði sló hann og sagði ákærði þá að brotþoli hefði fengið áverkana þegar hann náði glasinu af honum. Sagði ákærði að allir hefðu verið hræddir við brotþola og var honum þá kynnt að hjá lögreglu hefði hann sagt að hann hefði ekki verið hræddur við hann og sagði ákærði þá að *maður með glas í hendi ráði*. Þá sagði ákærði rangt sem brotþoli sagði hjá lögreglu, að hann hefði slegið brotþola þrisvar með glasinu. Í símtalinu daginn eftir atvik hefði brotþoli sagt við ákærða að brotþoli hefði verið ölvaður og myndi ekki eftir því sem gerðist. Sjálfur hefði ákærði einnig verið ölvaður en myndi að mestu það sem

gerst hefði. Kvaðst hann ekki hafa barið brotaþola og telji að brotaþoli hafi ætlað að lemja hann. Sjálfur hefði hann ekki verið með neitt í höndunum þegar atvik hófust.

A, brotaþoli, sagði þá hafa verið hjá B að borða saman og drekka en enginn þeirra hefði verið ölvaður. Eftir matinn hefði hann ætlað að fara. Hann hefði klætt sig í jakkann og reimað á sig skóna en ákærði og B þá sagt honum að fara ekki. Á meðan þeir töluðu um þetta hefði ákærði að fyrra bragði látið ljót orð falla í hans garð, hefði hann þá spurt ákærða af hverju hann segði þetta og B síðan gengið á milli þeirra. B og C hefði þá farið með brotaþola inn í stofu. Ákærði hefði síðan komið inn í stofuna, sem væri lítil, og hefði B staðið fyrir framan hann en ákærði verið fyrir aftan B. Hefði ákærði þá fyrirvaralaust barið hann þrisvar með bláu glerglasi í ennið og á nefið og hefði honum farið að blæða. Hefði blóð farið út um allt og hefðu hinir tveir strákarnir komið og skilið þá að. Sjálfur hefði hann þá orðið reiður og æstur og reynt að gera eitthvað en strákarnir haldið honum og skilið þá að. B hefði farið með hann inn á salerni að þrifa hann. Síðan hefði honum verið sagt að ákærði væri farinn og stuttu seinna hefði lögreglan komið. B hefði sagt lögreglu að brotaþoli hefði slegið höfðinu í vegginn en ekki að ákærði hefði meitt hann og kvaðst hann hafa sagt lögreglu að B væri að ljúga og að ákærði hefði veitt honum áverkana. Seinna hefði hann komist að því að þeir hefðu verið að ljúga að honum og hefðu falið ákærða í íbúðinni og lögreglan fundið hann þar.

Kvaðst brotaþoli telja, þegar hann hugsar um þetta eftir á, að ákærði hefði ekki viljað að hann færi þar sem ákærði hefði verið að skipuleggja uppgjör við brotaþola vegna einhvers sem sæti í honum. Hefðu ákærði og B reynt að fá hann til að hætta við að fara og hefði ákærði þá m.a. látið niðrandi orð falla í hans garð. Aðrir en hann og ákærði hefðu ekki tekið þátt í rifrildi. Hann og ákærði hefðu ekki verið nánir vinir á þessum tíma en hann hafði ekkert haft á mót ákærða.

Brotaþoli sagði að ákærði hefði verið með blátt glerglas áður en atvik gerðust. Sjálfur hefði hann staðið og B staðið á milli hans og ákærða en B væri hærri en þeir. Hefði ákærði komið út úr herberginu og inn í stofu þar sem brotaþoli var en hann ekki séð hann af því að B stóð fyrir. Hann hefði fengið fyrsta höggið á ennið, þá hefði hann snúið sér en ekki dottið strax en síðan fengið tvö högg til viðbótar sem hefðu lent á nefinu á honum. Hefði ákærði slegið hann þrisvar í röð. Það hefði blætt mikið úr honum og væri hann nú með sýnilegt ör á þremur stöðum. Í dag líði honum ekki vel og sé með stöðugan höfuðverk. Eftir þetta hefði ákærði hringt í hann og einnig hefðu þeir átt SMS-samskipti.

Hefði ákærði beðið hann afsökunar. Kvaðst hann ekki hafa sagt við ákærða að hann hefði verið svo drukkinn að hann myndi ekki hvað gerðist.

Brotapoli sagði að sjálfur hefði hann ekki verið með glas í hendi þegar átökin byrjuðu og að strax við fyrsta höggið hefði blóðið farið að leka. Sagði brotapoli að ákærði hefði sjálfur fengið sár eftir glasið en sjálfur hefði brotapoli ekki slegið til ákærða. Væri rangt að hann og ákærði hefðu skipst á höggum en brotapoli kvaðst ekkert vita um það hvort ákærði hefði verið með áverka á andliti. Ákærði hefði átt upptökin að átökunum með því að láta falla niðrandi orð um brotapola og upptökin að líkamlegum átökum með því að slá hann með glasinu. Fyrir það hefðu engin átök orðið á milli þeirra og hefði hann ekki ögrað ákærða áður en ákærði sló og ekki sýnt honum ör eftir hnífa á líkama sínum en hann kvaðst vera með slíkt. Brotapoli sagði að honum hefði ekki liðið vel eftir þetta. Hann væri með kvíða og hefði þetta haft áhrif á svefn hans í meira en tvo mánuði eftir árásina. Finni hann enn fyrir ótta, hann óttist að verða laminn og hefði hann dregið sig í hlé félagslega.

B sagði þá hafa verið að drekka þetta kvöld, að sjálfur hefði hann drukkidið of mikið, orðið fullur og muni ekkert eftir atvikum. Hann hefði gefið skýrslu vegna málsins daginn eftir og hefði hann þá enn verið ölvaður þótt þá hefðu verið liðnar um 11 klukkustundir síðan hann var handtekinn. Viti hann að þetta kvöld hefðu orðið átök og lögreglan hefði birst allt í einu og fært hann á lögreglustöð. Hann viti að slagsmál hefðu orðið á milli ákærða og brotapola og hefði séð þau. Þeir hefðu tekist á og reynt að lemja hvorn annan eða gripið í hvorn annan. Þeir C hefðu reynt að skilja þá að. Kvaðst hann hafa séð að brotapoli væri slasaður en myndi ekki hvernig hann hefði slasast. Þeir hefðu verið fjórir í íbúðinni þegar þetta gerðist og hefðu þeir C ekki tekið þátt í átökunum heldur reynt að aðskilja þá. Hann hefði þá haldið brotapola en C ákærða. Vitnið kvaðst ekki vita hvers vegna þeir hefðu verið að rífast eða muna eftir orðaskiptum þeirra á milli fyrir um kvöldið og viti ekki hvor hefði átt upptökin að átökunum. Kvaðst hann ekki muna hvað hann hefði sagt í skýrslu sinni hjá lögreglu en telja að hann hafi þá munað atvik betur. Kvaðst hann nú ekki muna eftir því að ákærði hefði verið með bolla og að hann hefði slegið brotapola með honum í andlitið þannig að hann blóðgaðist, að bollinn hefði brotnað og að það hefði komið mikið blóð. Minnst hann þess ekki að niðrandi orð hafi farið á milli ákærða og brotapola, að brotapoli hafi verið að sýna ör á líkama sínum eftir hnífa eða verið að hóta lífláti.

D læknir kvaðst hafa skoðað brotþola og saumað sár hans en einnig hefðu verið teknar myndir af áverkunum. Hann staðfesti að brotþoli hefði verið með þá skurði sem lýst er í vottorði hans og staðfesti vottorð sitt. Skurðirnir hefðu verið misdjúpir, djúpir í miðjunni en grynkað til endanna. Ekki hefði verið mikið mar í köntum sáranna og þess vegna hefði hann velt því fyrir sér hvort notuð hefði verið flaska eða glas. Þegar slegið er með þungum hlut, eins og flösku, springi húðin venjulega og það komi hálfgerð stjarna út frá miðju en þetta hefði ekki verið þannig. Þetta hefði verið eitthvað sem brotnaði eða brot, voru skurðirnir nokkuð hreinir og ekki mar í kringum þá. Kvaðst hann ekki geta metið hvort brotþoli hefði verið sleginn oftari en einu sinni en áverkarnir væru dreifðir frá miðju enni og til vinstri þannig að högginn gætu einnig hafa verið tvö. Gæti hann ekki sagt til um hvort högginn hefðu verið þrjú eins og brotþoli ber um. Ætti hann ekki von á frekari afleiðingum fyrir brotþola vegna áverkanna og teldi ólíklegt að brotþoli væri með höfuðverk.

C kvaðst hafa leigt herbergi hjá B og hefði þetta kvöld farið fram og drukkið áfengi með honum, brotþola og ákærða. Hann hefði síðan farið aftur inn í herbergi sitt og verið búinn að vera þar um stund, hugsanlega hálf tíma eða meira, þegar hann heyrði að eitthvað var að gerast og kallað var á hann að koma og aðstoða. Þegar hann kom fram hefði verið blóð úti um allt og fyrst hefði hann reynt að stöðva átökin og hefðu allir verið æstir. Brotþoli hefði þá verið særður, hafði verið laminn í höfuðið en vitnið hefði ekki séð hver gerði það þar sem hann hefði verið inni í herbergi á meðan. Allt hefði verið búíð þegar hann kom fram. Síðan hefði lögreglan komið. Þeir hefðu verið fjórir í íbúðinni þetta kvöld. Kvaðst hann ekki vita hvers vegna ákærði og brotþoli hefðu verið að slást en B hefði kallað á hann, þeir reynt að aðskilja þá og hann tekið í annan þeirra og B í hinn.

Var vitninu kynnt að í skýrslu hans hjá lögreglu væri haft eftir honum að hann hefði séð að ákærði og brotþoli væru farnir að slást, að þeir B hefðu reynt að skilja þá að og að ákærði hefði lamið brotþola með flösku. Þá hefði hann svarað því játandi að hann hefði séð þegar brotþoli var sleginn í andlitið og sagt að það hefði litlu munað að eitt höggið færi í höfuð hans. Sagði vitnið að þetta væri rétt og hefði þetta rifjast upp fyrir honum og hefði litlu munað að eitt höggið færi í höfuð hans. Hefði hann haldið brotþola en B ákærða. Kvaðst hann hafa séð högg sem lenti á enni brotþola. Hefði ákærði slegið brotþola eitt högg með bolla eða flösku. Kvaðst hann hafa séð áverkana á brotþola og hefði verið blóð úti um allt. Hefði hann ekki séð hvort ákærði hefði slegið hann oftari en

einu sinni. Það hefði verið stutt á milli þeirra þegar ákærði sló brotþola en hann viti ekki hvort hann sló fast eða laust.

Var vitninu kynnt að hann hefði sagt hjá lögreglu að ákærði og brotþoli hefðu verið að kýla hvorn annan þegar hann kom fram og að þetta hefðu verið slagsmál. Sagði vitnið þá að hann viti ekki hvernig þetta byrjaði og hefði ekki séð brotþola lemja ákærða. Sagði vitnið að blóðið hefði spýst úr brotþola eftir að hann hlaut þetta eina högg sem vitnið sá. Þegar vitnið kom fyrst fram hefði verið komið eitthvert blóð, þetta hefðu verið slagsmál og hefði hann fyrr í framburði sínum verið að vísa til þess. Kvaðst hann ekki muna hvort brotþoli hefði þá verið orðinn blóðugur.

Lögreglumaður nr. E kvaðst hafa ritað frumskýrslu vegna málsins sem hann staðfesti og sagði að útkallið hefði verið vegna háreysti og láta. Tveir menn hefðu tekið á móti þeim í dyragætt íbúðarinnar, var greinilegt að einhver átök hefðu átt sér stað og mikið blóð var víða um íbúðina, glerbrot á gólfi og ummerki um áfengisneyslu. Voru báðir mennirnir blóðugir á höndum og annar með skurði í andliti og hefðu þeir verið handteknir. Tveir aðrir menn reyndust vera í íbúðinni, og fannst við leit í henni m.a. ákærði í einu herberginu, og voru þeir einnig handteknir. Voru allir mennirnir undir áhrifum áfengis. Ákærði hefði verið með skurð á annarri hendi og einhverja bólgu í andlitinu og hinn maðurinn var einnig blóðugur. Sagði vitnið að annar lögreglumaður hefði farið með brotþola á slysadeild og hefði brotþoli sagt honum að ráðist hefði verið á hann. Þá kvaðst vitnið minna að ákærði hefði talað um að hafa lent í átökum. Sagði vitnið að eitt brotið glerglas hefði verið í eldhúsvaski og sjáanlegt glerbrot á gólfi og hann minnti að þau hefðu verið glær. Myndi hann ekki eftir brotinni flösku en sagði að það hefði verið flaska í herbergi ákærða sem þeim fannst tilefni til að skoða en minntist þess ekki að hún hefði verið brotin.

III

Niðurstaða

Ákærði er ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa slegið brotþola endurtekið með glerglasi eða glerflösku í andlitið, með þeim afleiðingum að glerið brotnaði og brotþoli hlaut sex skurði í andlit sem sauma þurfti saman. Í ákæru er háttsemi ákærða talin varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði neitar sök en kveðst hafa skorið sig á hendi þegar hann tók brotið glas af brotþola en fyrir liggur að hann var með skurð á fingri þegar hann var handtekinn. Hann

viðurkenndi í skýrslu sem hann gaf hjá lögreglu að hafa slegið brotaþola með glasi. Fyrir dómi sagði ákærði að þetta væri ekki rétt, hann hefði ekki borið á þennan hátt hjá lögreglu. Var skýrsla ákærða hjá lögreglu, sem tekin var upp í hljóð og mynd, spiluð við aðalmeðferð málsins. Túlkur sá sem annars túlkaði í þinghaldinu túlkaði í meginatriðum það sem þar kemur fram. Má af því ráða að þar hefði ákærði viðurkennt að hafa barið brotaþola með glerglasi einu sinni eða tvisvar en hann myndi ekki hvenær glasið sem hann var með hefði brotnað. Er ekkert fram komið sem skýrir breyttan framburð ákærða og er það mat dómsins að framburður hans um þetta meginatriði málsins hafi verið á reiki. Telst framburður ákærða fyrir dómi um þetta vera ótrúverðugur enda í andstöðu við flest annað sem fram er komið. Framburður brotaþola hefur verið stöðugur þess efnis að ákærði hafi slegið hann þrisvar með glerglasi en áður hefði ákærði látið niðrandi orð falla í hans garð.

Auk ákærða og brotaþola voru vitnin B og C á vettvangi þegar atvik gerðust. Er framburður þeirra allra samhljóða hvað það varðar að þeir hefðu verið á heimili B að drekka og verður af gögnum ráðið að þeir hafi almennt verið nokkuð ölvaðir. Samkvæmt framburði C var hann inni í herbergi í aðdraganda atvika. Af framburðum þeirra verður ráðið að orðaskak hafi áður átt sér stað á milli ákærða og brotaþola sem hafi valdið því að B hefði reynt að reyna að ganga á milli og kallað á aðstoð C. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að brotaþoli og ákærði hefðu áður slegist, að brotaþoli hefði áður verið kominn með áverka í andlitið eða að ákærði væri í hættu vegna brotaþola. Af framburði brotaþola og C verður ráðið að ákærði hafi slegið brotaþola með glerfláti í andlitið. Þá bar B um það í skýrslutöku hjá lögreglu að ákærði hefði slegið brotaþola í andlitið með glerfláti en mundi ekki eftir því þegar framburðurinn var borinn undir hann fyrir dómi en staðfesti að einhver átök hefðu orðið á milli þeirra. Eru vitnin öll sammála um að um glerflát, glas eða bolla, hafi verið að ræða en misræmi er fram komið hvað varðar fjölda högga. Brotaþoli sagði að um þrjú högg hefði verið að ræða, C að hann hefði sjálfur vikið sér undan einu höggi og séð ákærða slá brotaþola annað högg og ákærði sagði hjá lögreglu að högginn hefðu verið eitt eða tvö.

Framburður brotaþola hefur verið stöðugur og trúverðugur. Fær hann stuðning í framburði framangreindra vitna. Af vottorði og vætti þess læknis sem skoðaði brotaþola í kjölfar atviksins telst sannað að hann hafi við árásina fengið þá áverka sem í ákæru greinir. Fær það einnig stuðning í framburði brotaþola og annarra vitna. Fram kom í framburði læknisins að mögulega hefði verið um tvö högg að ræða miðað við

staðsetningu áverkanna en gat ekki fullyrt að þau hefði verið þrjú eins og brotþoli ber um. Þá taldi hann að fremur hefði verið um að ræða skurð en þungt högg. Benda gögn til þess að um glerglas hafi verið að ræða sem hafi brotnað við högginn. Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að ákærði hafi slegið brotþola tvisvar sinnum í andlitið með glerglasi og telst hann því hafa slegið hann endurtekið eins og greinir í ákæru. Er háttsemi ákærða í ákæru heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Árás ákærða beindist að höfði brotþola og beitti hann hættulegu vopni. Hafa atlögur sem þessar í dómaframkvæmd verið metnar sérstaklega hættulegar. Með vísan til framangreinds er það einnig mat dómsins hvað atlögu ákærða varðar. Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

IV

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 24. ágúst 2022, gekkst hann undir greiðslu sektar og sviptingu ökuréttar með sektargerð lögreglustjóra 24. apríl 2021. Var brot það, sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir, framið fyrir þann tíma og verður ákærða því gerður hegningarauki vegna sektargerðarinnar, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Hefur sakaferill ákærða ekki áhrif að öðru leyti við ákvörðun refsingar. Er til refsipýngingar horft til þess að brot ákærða beindust að heilsu og velferð brotþola sem hann olli líkamlegum áverkum og varanlegum örum á andliti, sbr. 1. og 2. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá var árásin gróf og tilefnislaus og verður að telja mildi að afleiðingar hennar hafi ekki orðið enn alvarlegri. Verður ekki á það fallist með ákærða að atvik hafi átt sér stað í áflogum á milli hans og brotþola er réttlæti að litið verði til 3. mgr. 218. gr. c í almennum hegningarlögum til refsilækkunar. Um eitt og hálf ár leið frá því að atvik gerðust og rannsókn málsins hófst og þar til ákæra var gefin út og verður ákærða ekki um þann drátt kennt. Verður að nokkru litið til þessa við ákvörðun refsingar. Með hliðsjón af framangreindu og sakarefni þessa máls þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, skilorðsbundið, eins og í dómsorði greinir.

Brotþoli gerir kröfu um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 1.500.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gagnvart brotþola og framlögð gögn benda til þess að brotþoli hafi orðið fyrir miska vegna

árásarinnar. Hefur ákærði með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á miskabótum verður sérstaklega horft til alvarleika árásarinnar sem beindist að höfði brotþola og þess að ákærði er með sýnileg ör á enni vegna hennar. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 600.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og greinir í dómsorði. Við ákvörðun á upphafstíma dráttarvaxta er litið til þess að ákærða var kynnt bótakrafan við birtingu fyrir kalls 5. september 2022. Ákærði greiði brotþola 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 500.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, og 43.362 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarsaksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Aras Nasraldeen Kakabdalla, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 600.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 8. desember 2020 til 5. október 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 500.000 krónur, og 43.362 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)